

LJÓSMYNDAVEKFN  
Á ÞREMUR SKJALASÖFNUM  
ÁFANGASKÝRSLA  
SEPTEMBER 2014



Héraðsskjalasafn Austfirðinga  
Héraðsskjalasafn Árnesinga  
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Ritstjórn: Bára Stefánsdóttir, Sólborg Una  
Pálsdóttir og Þorsteinn Tryggvi Másson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum  
héraðsskjalasafnanna nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd er af Emelíu Blöndal ljósmyndara.  
Hún vann á myndastofu Eyjólfss Jónssonar á  
Seyðisfirði frá um 1915-1924. Ljósmyndari  
óþekktur. 40-546.

# Inngangur

Haustið 2010 sóttu Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga sameiginlega um styrk frá Alþingi til að vinna að skönnun og skráningu ljósmynda í skjalasöfnunum og gera þær aðgengilegar almenn- ingi. Styrkurinn sem sótt var um var sem svaraði til upphæðar fullra atvinnuleysis- bóta auk launatengdra gjalda fyrir sex stöðugildi, tvö á hverju safni í eitt ár. Sveitar- félag sem að söfnunum standa styrktu einnig verkefnið og greiddu viðbótarkostnað vegna launa, vinnuástöðu, hugbúnaðarkaupa o.s.frv.

Vinna hófst þegar í byrjun árs 2011 með ráðningu starfsfólks og skipulagningu verkefnisins en söfnin gerðu með sér samstarfssamning í janúar 2011. Skjalasöfnin festu öll kaup á FotoStation hugbúnaði til að skrá og miðla ljósmyndasöfnunum á vefsíðum. Verkefnið fékk 15,0 m.kr. framhaldsstyrk á fjárlögum árunna 2012, 2013 og 2014.

Ástand og aldur mynda auk góðrar heimildavinnu ræður mestu um gæði skönnunar og skráningar. Stað- og söguþekking þeirra sem vinna að skráningu á skjalasöfn- unum hefur leitt til vandaðrar skráningar en myndvinnsla, s.s. viðgerð á myndum, er takmörkuð eins og kostur er.

## Verkátætlun 2014 – markmið

Héraðsskjalasöfnin gerðu með sér samstarfssamning í upphafi árs 2014 þar sem helstu atriði voru:

1. Söfnin hafa með sér reglulegt samráð um aðferðir við skönnun, skráningu og birtingu ljósmynda á Netinu. Þau gera það með reglulegum símafundum eða eftir því sem þörf er á hverju sinni.
2. Söfnin leitast við að afla sér sameiginlegrar þekkingar á ljósmyndasöfnum og meðhöndlun ljósmynda. Þau munu sérstaklega leita samstarfs við aðra aðila sem eru að vinna að svipuðum verkefnum hér á landi.
3. Söfnin munu leitast við að aðstoða og ráðleggja öðrum aðilum, sem hyggjast hafa sambærileg verkefni og ljósmyndaverkefni þessara þriggja safna.
4. Unnið verður sérstaklega að því að gera söfnin leitarbærari. Óskað verður eftir samstarfi við leitir.is í því skyni að safnefnið verði leitarbært á vefsíðu þeirra.
5. Leitað verður eftir samstarfi við Þekkingu ehf., umboðsaðila FotoStation for- ritsins, við uppbyggingu vefsjár/template sem geri leit á ljósmyndavefjum safn- anna auðveldari fyrir almenning og uppsetningu safnanna skýrari.
6. Söfnin þrjú hafa hlotið 15,0 m.kr. styrk frá Alþingi fyrir árið 2014. Eru aðilar sammála um að sú upphæð skiptist jafnt milli safnanna.

Í sameiginlegri verk- og kostnaðaráætlun fyrir árið 2014 voru helstu markmið:

1. Við árslok 2014 verði heildarföldi skannaðra mynda á söfnunum þremur um 240.000.



2. Í árslok 2014 verði um 160.000 myndir skráðar og aðgengilegar á ljósmynda-vefjum safnanna þriggja.
3. Ljósmyndavefir safnanna verði leitarbærir í gegnum leitir.is.
4. Auka samstarf við Þekkingu um þróun FotoWeb, vefhluta FotoWare hugbúnaðarins, sem sér um birtingu myndanna á vef.

Á undanförunum árum hafa starfsmenn safnanna reynt að tryggja eftir megni markvissa upplýsingagjöf til allra þeirra sem áhuga hafa á verkefninu. Ljósmyndaverkefnið hefur verið kynnt sérstaklega fyrir ýmsum hópum og félagasamtökum innan starfssvæða safnanna og þá hafa önnur söfn og sveitarfélög fengið kynningu á verkefninu. Rætt hefur verið við forsvarsmenn Þekkingar ehf. um hönnun á samræmdu útliti sem gæti nýst þessum þremur söfnum sem og öðrum sem hyggjast nota FotoStation forritið við skráningu og FotoWeb við birtingu ljósmynda.

### Starfsmenn, starfshlutfall og kostnaður

Umsjón og skipulagning er í höndum fastráðinna starfsmanna skjalasafnanna og forstöðumanna þeirra. Eins og undanfarin ár var mikil vinna lögð í undirbúning og fjöldi fólks kom að því að bera kennsl á myndir og undirbúa þannig skráningu.

Auk þess eru sérstakir starfsmenn ráðnir til að sinna ljósmyndaverkefninu sérstaklega. Þeir hafa skriflega ráðningarsamninga. Verkefni þeirra eru í meginatriðum tvíþætt:

1. Skönnun, litgreining og frágangur á filmum og pappírskópium og er gengið frá filmum og pappírmyndum í sérstakar umbúðir m.t.t. langtímavarðveislu.
2. Skráning, öflun upplýsinga og heimildavinna vegna skráningar á ljósmyndum.

Fjöldi starfsmanna og kostnaður vegna verkefnisins hefur verið með eftirfarandi hætti:



Kolviðarhóll. Þetta er ein af mörgum myndum úr merku ljósmyndasafni Miðengissystkinana. Ljósmyndari óþekktur. 2000/6 ME\_00643.

### A) Í Héraðsskjalasafni Austfirðinga:

Fljórir starfsmenn vinna við verkefnið á árinu 2014:

Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir	100% starf í 7 mánuði, skönnun og vefsíðugerð.
Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir	50% starf í 12 mánuði, skráning mynda.
Magnhildur Björg Björnsdóttir	25% starf í 12 mánuði, skráning og skönnun mynda.
Aleksandra Radovanovic	75% sumarstarf, skönnun og skráning mynda.

Auk þess hefur Bára Stefánsdóttir héraðsskjalavörður yfirumsjón með verkefninu. Sumarstarfsmaðurinn var ráðinn af atvinnuleysisskrá í gegnum Starf - vinnumiðlun og ráðgjöf.

Heildarkostnaður á árinu 2014 er áætlaður 6,3 m.kr. Stærstur hluti þess kostnaðar er vegna launa og tölvuþjónustu við uppsetningu og hýsingu ljósmyndavefs. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi undir sér, en tekjur þess eru einnig 6,3 m.kr. Af þeim koma 5,0 m.kr. sem framlag frá ríkinu, 750 þús.kr. koma frá Fljótsdalshéraði og 100 þús. frá Fljótsdalshreppi.

### B) Í Héraðsskjalasafni Árnesinga:

Tveir starfsmenn hafa verið ráðnir sérstaklega vegna verkefnisins á þessu ári.

Guðlaug Jóna Helgadóttir	100% starf, ljósmyndaskönnun og skráning.
Jóhann Ólafur Sigurðsson	100% starf, ljósmyndaskönnun og skráning.

Annar starfsmannanna var ráðinn af atvinnuleysisskrá en hinn með BA gráðu í sagnfræði. Auk þess hafa fastir starfsmenn safnsins unnið að verkefninu, þ.e. Sævar Logi Ólafsson skjalavörður í 15% starfi (yfirumsjón með tæknilegum þáttum, skönnun

Leikfimisýning  
skólapipta á Eiðum  
í tilefni af 75 ára  
afmæli Alþýðu-  
skólans árið 1954.  
Ljósmyndari  
Óþekktur. 70-5473.



og skráningu o.fl.) og Þorsteinn Tryggvi Mátsson héraðsskjalavörður í 15% starfi (yfirumsjón og stjórnun).

Áætlaður kostnaður á árinu 2014 er 9,4 m.kr. og er stærstur hluti þess vegna launagreiðslna, en við bætist kostnaður vegna vefsíðu, öryggisafritunar, hýsingar, ljósleiðaratengingar og endurnýjunar á stofnbúnaði. Kostnaður við verkefnið er hærri þegar horft er til launakostnaðar fastráðinna starfsmanna, húsnæðis, reksturs á vefsíðu myndasetur.is. o.s.frv. Gert er ráð fyrir því að verkefnið standi undir sér, en auk 5,0 m.kr. framlags ríkisins leggur sveitarfélagið Árborg til um 2,5 m.kr., Menningarráð Suðurlands 1,2 m.kr. og Héraðsskjalasafn Árnesinga/Minningarsjóður Helga Ívarssonar 700 þús.kr.

### C) Héraðsskjalasafn Skagfirðinga:

Safnið hefur á árinu 2014 ráðið fjóra starfsmenn sérstaklega vegna verkefnisins en auk þess hafa tveir fastráðnir starfsmenn safnsins unnið að því. Leitað var samstarfs við Atvinnuleysisstryggingasjóð vegna ráðningar tveggja starfsmanna í alls 1,3 stöðugildi og félagsþjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna eins starfsmanns.

Ingunn Jónsdóttir	80% starf, ljósmyndaskönnun og skráning.
Rökki Sigurlaugsson	60% starf, ljósmyndaskönnun og skráning.
Sigurdrif Jónatansdóttir	50% starf, ljósmyndaskönnun og skráning.
Sigrún Fossberg Arnardóttir	50% starf, ljósmyndaskráning.
Gísli Þór Ólafsson	10% starf, ljósmyndaskráning.
Sólborg Una Pálsdóttir/ Unnar Ingvarsson	40% starf, yfirumsjón- tæknilegir þættir – ljósmyndaskráning.

Áætlaður heildarkostnaður á árinu 2014 er 9,0 m.kr., en þó má fullyrða að kostnaður vegna verkefnisins sé í raun mun hærri, þar sem fastir starfsmenn safnsins vinna að verkefninu í sínum daglega vinnutíma.

## Skönnun og skráning ljósmynda - samantekt

Þann 1. september 2014 er búið að skanna samtals 246.371 ljósmyndir og skrá upplýsingar um 201.612 myndir á héraðsskjalasöfnunum þremur. Í byrjun september á síðasta ári var búið að skanna 195.404 myndir og skrá upplýsingar um 140.600 þeirra. Frá september 2013 til ágúst 2014 hafa því verið skannaðar 50.967 myndir og 61.012 myndir verið skráðar.

Yfirlit yfir stöðu ljósmyndaverkefnisins og verkáætlanir á hverju safni fyrir sig er að finna hér fyrir neðan. Neðangreind tölfræði er miðuð við stöðuna 1. september 2014.

### A) Héraðsskjalasafn Austfirðinga:

Í verkáætlun fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir því að í lok árs verði búið að skanna um 72.000 myndir og skrá upplýsingar um 60.000 þeirra.

Í byrjun september 2014 hafa tæplega 67.000 myndir verið skannaðar og rúmlega 60.000 þeirra verið skráðar. Markmið ársins 2014 var einnig að opna ljósmyndavef og var það gert í maí þar sem 55.000 myndir voru birtar.

Myndasafn	Safnmark	Skannað	Skráð
Austri	Austri + númer	26.321	26.321
UÍA myndir	UIA + númer	10.183	10.183
Sigurður Aðalsteinsson	SigA + númer	8.138	7.259
Mannamyndir	70 + númer	5.680	950
Anna Ingólfssdóttir	Mbl + númer	4.106	4.106
Einar Vilhjálmsson	EIV + númer	2.638	2.368
Sveitir og jarðir	Sveit + númer	1.680	1.680
Guðmundur R. Jóhannsson	GJ + númer	1.228	1.228
Fljótsdalshérað	Fljóher + númer	1.142	1.142
Önnur smærri söfn	Mynd + númer	5.689	5.082
<b>Samtals:</b>		<b>66.805</b>	<b>60.589</b>

### B) Héraðsskjalasafn Árnesinga:

Við gerð verkáætlunar fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir því að heildarfjöldi skannaðra mynda yrði um 100.000 og skráðar yrðu upplýsingar um 70.000 myndir í lok ársins. Fyrirhugað var að birta 20.000 nýjar myndir á myndasetur.is, en samanlagður fjöldi mynda á vefsíðunni yrði þá orðinn 80.000.

1. september 2014 hafa rúmlega 90.000 myndir verið skannaðar en rúmlega 83.000 myndir eru skráðar og frumskráðar. Á síðasta ársfjórðungi verður megin áhersla lögð á að auka leitarbærni á myndasetur.is með enn ítarlegri skráningu auk þess sem lokið verður við skönnun og skráningu á nokkrum stórum söfnum.

Myndasafn	Safnmark	Skannað	Skráð
Tómas Jónsson	TJ + númer	17.281	12.959
Sigurður Jónsson	SJ + númer	15.576	15.576
Jóhann Þór Sigurbergsson	JPS + númer	12.416	10.355
Ottó Eyfjörð	OE + númer	11.216	8.670
Herbert Gränz	HG + númer	2.107	2.107
Gunnar Gränz	GG + númer	2.692	2.568
Arnór Karlsson	AK + númer	2.968	0
Sr. Guðmundur Óli Ólafsson	GÓÓ + númer	2.663	2.663
Ragna Hermannsdóttir	RH + númer	2.548	2.548
Önnur smærri söfn		19.693	16.892
<b>Samtals:</b>		<b>99.160</b>	<b>88.344</b>

### C) Héraðsskjalasafn Skagfirðinga:

Í verkáætlun fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir því að heildarfjöldi skannaðra mynda yrði orðinn 90.000 myndir og skráðar yrðu upplýsingar um 70.000 myndir í lok ársins. Þá var gert ráð fyrir að 25.000 myndir yrðu birtar á vef safnsins.

Þegar þetta er ritað undir lok ágústmánaðar 2014 hafa um 80.400 myndir verið skannaðar og skráðar hafa verið upplýsingar um 52.679 myndir. Jafnframt hafa tæplega 14.000 myndir verið birtar á vef safnsins [www.skagafjordur.is/myndir](http://www.skagafjordur.is/myndir). Megin áhersla á síðustu mánuðum ársins 2014 verður lögð á skráningu og birtingu mynda og að bæta við 15.000 myndum á vefinn á árinu. Birting hefur gengið hægar en vonir stóðu til, einkum vegna þess að ráðist var í það verkefni að taka stór ljósmyndasöfn til fullnaðarskráningar áður en þau yrðu birt. Þannig er myndasafn Fréttablaðsins *Feykis* nú á síðustu stigum skráningar og útlit fyrir að um 5.000 myndir bætist þar til birtingar von bráðar. Þá er unnið að skráningu mynda Björns Jónssonar og munu um 7.000 myndir verðar birtar úr því safni á árinu 2014.

Myndasafn	Safnmark	Skannað	Skráð
Mannamyndasafn	HSk.	27.535	27.535
Páll Jónsson	PJ	9.200	6.782
Fréttablaðið <i>Feykir</i>	FEY	8.120	7.900
Björn Jónsson	BJ	7.660	2.500
Guðmundur Sæmundsson	GS	3.946	300
Hjalti Pálsson	HP	2.956	0
Gunnar Helgason	GH	2.000	0
Kristján C. Magnússon	KCM	1.942	650
Bruno Schweizer	BS	1.911	1.350
Byggðasaga Skagafjarðar	BSK	1.900	1.100
Önnur söfn		13.236	4.862
<b>Samtals</b>		<b>80.406</b>	<b>52.979</b>

### Skönnun ljósmynda – gæði skönnunar og litgreiningar

Í upphafi verkefnisins var ákveðið að samræma verkferla við skönnun, litgreiningu og skráningu á skjalasöfnunum þremur. Myndir eru skannaðar inn í 300 punkta upplausn í stærðinni 210 x 297 mm (A4). Skráarformið er Tiff og eru allar myndir





Stangveiði í  
Eiðavatni.  
Ljósmyndari  
Óþekktur.  
70-5642.

varðveittar á því formi. Þá var tryggt að tækjakostur stæðist bæði kröfur um gæði og afköst auk þess að geta skannað allar filmustærðir (s.s. 35 mm, 6x6 cm, 6x9 cm) og litskyggjur auk pappírskópía.

Endingartími ljósmynda ræðst af þrennu: Varðveisluaðstæðum, meðhöndlun þeirra og sjálfu efninu, þ.e. stöðugleika þess. Ljósmyndaefnin skiptast í grunnefni, ljósnæm efni, lífræn litarefni og bindiefni. Grunnefnið í stærstum hluta þeirra filmusafna sem afhent hafa verið á skjalasöfnun er úr plasti (sellulósanítrati og sellulósaasetati). Þá eiga söfnin mikið af pappírskópíum og nokkuð af glerplötum. Lífræn litarefni hafa tilhneygingu til að upplitast, jafnvel í myrkri. Litir endast misvel og litajafnvægi raskast, og myndir verða oft rauðleitar/bláleitar með tímanum, en almennur geymslu-tími filma er um 40 ár.

Í skjalasöfnunum er leitast við að hægja á þessu ferli með ýmsum ráðum. Skönnun og litgreining er m.a. framkvæmd til að bjarga myndum sem annars eyðileggjast á næstu árum. Filmur eru varðveittar í sýrulausum umbúðum í óskjum og við jafnt hita- og rakastig. Við skönnun eru filmurnar litgreindar og ryk og önnur óhreininði fjarlægð. Eiginleg myndvinnsla er í lámarki, þ.e. vinna í Photoshop enda er hægt að vinna að því verkefni síðar ef nauðsynlegt þykir.

## Skráning ljósmynda – rannsóknar- og heimildavinna – samtal við við íbúa

Verkferlar við skráningu á ljósmyndum voru strax í upphafi samræmdir. Haldnir voru samráðsfundir þar sem farið var yfir hvaða upplýsingar ættu að koma fram og var skráningarviðmót samræmt eins og kostur var. Á árinu 2014 hefur verið farið yfir þessa ferla vegna samvinnu milli héraðsskjalasafnanna og Landskerfis bókasafna

en eitt af markmiðum safnanna er að gera ljósmyndasöfnin aðgengileg í vefgátt s.s. leitir.is.

Upplýsingar sem koma fram við skráningu eru m.a. safnmark, heiti ljósmyndara, myndatexti með upplýsingum um myndefni, fæðingar- og dánarár (og ítarupplýsingar þegar við á), tímasetning myndar, heimildarmaður, heimild, skrásetjari o.s.frv. Margvíslegar ítarupplýsingar eru settar inn, t.a.m. um stað, sveitarfélag og sýslu, tegund myndar auk leitarorða. Staðlaður atríðisorðalisti er einnig notaður. Við skráningu er horft sérstaklega til leitar og reynt að tryggja að hún þurfi hvorki að vera of víðtæk eða sértæk til að skila tilætluðum árangri.

Nálægð safnanna við íbúana hefur haft mikið að segja við þessa vinnu og aukið enn frekar á tengsl þeirra við söfnin – þ.e. fjölgað heimsóknnum og sýnt bæði íbúum og sveitarfélögnum fram á menningarlegt mikilvægi safnanna. Skjalasöfnin taka hvert um sig við ljósmyndum af starfssvæðum sínum og fá síðan liðsinni ljósmyndaranna sjálfra, ættingja þeirra auk annarra áhugasamra íbúa. Hefur það einfaldað alla vinnu við skráningu og í raun gert hana mögulega. Öll vinna þessara einstaklinga er unnin í sjálfbodastarfi og ber að þakka öllum þeim sem hafa lagt söfnunum lið fyrir ómetanlegt starf.

Á þessum tæpu þremur árum sem verkefnið hefur staðið yfir hefur á hverju safni myndast fastur kjarni vildarvina þess, sem koma að skráningu. Sumir þessara einstaklinga eru jafnvel daglegir gestir á skjalasöfnunum. Þá eru enn aðrir kallaðir til reglulega til að fara yfir ljósmyndir.

Skjalasöfnin þrjú hafa leitað ýmissa leiða til að sýna myndirnar og fá upplýsingar, s.s. með sérstökum ljósmyndasýningum þar sem gestir eru beðnir um að aðstoða við að bera kennsl á fólk, staði og greina frá viðburðum. Einnig hafa söfnin nýtt sér héraðsfréttablöð, samfélagsmiðla og vefsíður til að afla frekari upplýsinga.

Rannsóknar- og heimildavinna er í höndum starfsmanna skjalasafnanna. Ýmis uppláttarrit, héraðsrit, tímarit og dagblöð eru notuð til að staðfesta þær upplýsingar sem koma fram hjá heimildamönnum. Þekking starfsmanna og heimamanna gerir skráningu ljósmyndanna ítarlegri. Loks hefur fólk viðsvegar af landinu lagt starfsfólki safnanna lið við skráningu.

Við skráningu ljósmyndanna hefur einnig komið í ljós hversu mikilvægt það er að þessi vinna sé unnin nú. Stór hluti myndasafna sem geymd eru í héraðsskjalasöfnunum eru frá tímabilinu 1930–1960 og fer því fólkí ört fækkandi sem getur þekkt myndefni frá þeim tíma. Því hafa söfnin hvatt eigendur ljósmynda almennt til að leita allra leiða til að ná fram upplýsingum um myndefni, því hér er um að ræða kapphlaup við tímann.

Velta má fyrir sér hvenær mynd telst „skráð“ og hugsanlega er ástæða til að aðgreina grunnskráðar myndir frá fullskráðum. Með fullskráðum myndum er átti við að skráðar séu upplýsingar um viðburð, hvaða einstaklingar séu á myndinni og þar komi fram fæðingarár og dánarár ef við á. Grunnskráðar myndir séu hins vegar myndir þar sem hluti þessara upplýsinga kemur fram, en ætla megi að hægt sé að bæta við frekari upplýsingum með aukinni heimildavinnu.



Ingólfur Örn Guðmundsson í viðtali hjá Feyki árið 1994 um togarasjómennsku. Úr safni Feykis. Cab 5789.

## Miðlun og kynning

Miklu skiptir að Ljósmyndasöfn sé ekki eingöngu afhent skjalasöfnunum til vörslu, heldur að þau séu kynnt og gerð aðgengileg almenningi. Héraðsskjalasöfnin þrjú hafa lagt mikið upp úr miðlunarþættinum og viðtökur við kynningu á þessu efni hafa verið með þeim hætti að ljóst er að almenningur hefur mikinn áhuga á ljósmyndum.

Nú hafa héraðsskjalasöfnin þrjú öll opnað ljósmyndavef þar sem nýjum myndasöfnum verður smám saman bætt við eftir því sem skönnun og skráningu þeirra vindur fram. Skráningarupplýsingar um myndir sem eru þegar komnar á myndavefina verða gerðar ítarlegri eftir því sem ábendingar frá almenningi og öðrum söfnum berast.

Ljósmyndavefur á slóðinni myndir.heraust.is var opnaður 28. maí 2014. Á vefnum eru um 55 þúsund myndir í eigu Ljósmyndasafns Austurlands, sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Þar er hægt að skoða fjölbreytt myndasöfn allt frá mannamyndum teknum fyrir aldamótin 1900 til frétt- og íþróttamynda frá síðari helmingi 20. aldar. Opnun vefsins var kynnt með boðsbrefi til valinna einstaklinga, auglýsingu í Dagskránni, fréttatilkynningu til fjölmiðla á Austurlandi og á landsvísu, tilkynningu á tölvupóstlista safnafólks auk greinar í Múlaþingi, árlegu byggðasöguriti Austfirðinga.

Bára Stefánsdóttir, héraðsskjalavörður á Austurlandi, hefur skilað lokaverkefni til MA-prófs í hagnýtri menningarmiðlun við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands. Titill þess er *Austfirskir kvenljósmyndarar 1871–1944, rannsókn og sýningarhandrit*. Verður sýningin sett upp í safnahúsinu á Egilsstöðum síðar í mánuðinum. Við rannsóknina voru meðal annars rannsakaðar mannamyndir í eigu Ljósmyndasafns Austurlands hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga.

Selfoss, séð yfir Ölfusárbrú og miðbæinn, gömlu Kaupfélagssmíðjurnar, pósthúsið, Ráðhúsið og Tryggvaskáli sjást. Í fjarska sést mökkur úr Surteyjargosinu 1963. Ljósmyndari Tómas Jónsson, 2010\_TJ\_00265.



Aðventusýning Héraðsskjalasafns Árnesinga vekur jafnan eftirtekt, en sýningin er útsýning fyrir utan Ráðhús Sveitarfélagsins Árborgar. Eins og undanfarin ár hefur afrakstur ljósmyndaverkefnisins verið kynntur á sýningunni og hún er nú fastur hluti af þeirri menningardagskrá sem íbúum er boðið upp á í desember ár hvert. Vefurinn myndasetur.is hefur verið í þróun allt árið til að bæta enn frekar leitarbærni og svartíma/hraða. Mikil aðsókn hefur verið að vefnum allt frá byrjun, og fjölmargir aðilar í ferðaþjónustu og útgáfu hafa nýtt sér myndir af vefnum með ýmsum hætti. Á Safnahelginni á Suðurlandi 1.-3. nóvember 2013 voru 15.000 ljósmyndir settar á vefinn. Ætlunin er að setja 20.000 myndir til viðbótar á vefinn í tengslum við Menningarmánuðinn október hjá Sveitarfélaginu Árborg og Safnahelgina á Suðurlandi. Þá verða samtals 80.000 ljósmyndir á vefnum.

Starfsmenn Héraðsskjalasafns Árnesinga héldu áfram að hanna myndaskilti í samvinnu við sveitarfélagið Árborg sem sett voru upp bæði á Selfossi og Stokkseyri fyrir Bryggjuhátiðina á Stokkseyri. Þá er verið að hanna fleiri skilti um atvinnu- og mannlíf á Eyrarbakka, en skiltin verða sett upp við Félagsheimilið Stað. Framhald mun verða á þessari vinnu á næsta ári en skiltin mikilvæg viðbót þegar kemur að upplýsingagjöf til bæði innlendra og erlendra ferðamanna. Þá hefur héraðsskjalasafnið tekið þátt í öðru samstarfsverkefni, þ.e. skráningu á húsum í Sveitarfélaginu Árborg þar sem ljósmyndir og aðrar heimildir í vörslu safnsins hafa nýst vel. Afrakstur þess verkefnis er nú að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga reid á vaðið með opnun ljósmyndavefs á vordögum 2012 og er nú unnið að því að bæta við myndum á vefinn skagafjorður.is/myndir. Um er að ræða gerbyltingu þegar kemur að aðgengi almennings að ljósmyndum safnsins. Mikil ánægja er meðal heimamanna með ljósmyndavefinn og þá er ljóst að



Í síld á Siglufröi.  
Út safni Kristjáns C.  
Magnússonar KCM  
702.

hann nýttist ekki síður þeim sem eiga langt að sækja, m.a. vegna þess að brottfluttur Skagfirðingar geta nú aðstoðað við skráningu á ljósmyndum. Vefurinn er enn í þróun m.t.t. þess að bæta aðgengi enn frekar, einfalda leit í einstökum myndasöfn og/eða þvert á fleiri söfn.

Í tilefni af Sæluvíku Skagfirðinga 2013 var opnuð viðamikil sýning á ljósmyndum Kristjáns C. Magnússonar en hann var virkur áhugaljósmyndari á Sauðárkróki um miðja 20. öld. Var sýningin opin fram á árið 2014 og sóttu vel á þriðja þúsund manns sýninguna.

Í dag standa 18 sveitarfélög að rekstri þessara þriggja safna. Skjalasöfnin hafa hvert á sínu svæði samið við stærstu sveitarfélögin um aðkomu þeirra að verkefninu, og frá upphafi þess hafa söfnin reynt að tryggja að allir þeir aðilar séu upplýstir um stöðu þess.

Ljóst er að aðgengi sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðila og almennings að öflugum myndabanka getur bætt enn frekar alla markaðssetningu á menningartengdri ferðaþjónustu. Ljósmyndasöfn héraðsskjalasafnanna gefa almenningi tækifæri á að tengja saman svipmyndir fortíðar við nútímann, hvort heldur það er gert með söguskiltum, aðgengi að myndum á vefsíðum eða í smáforritum. Skiptir miklu máli að geta bætt leitarbærni á vef síðum safnanna og í söfnunum sjálfum enn frekar og það er eitt af meginmarkmiðum verkefnisins á þessu ári.

## Samstarf við Landskerfi bókasafna

Í september árið 2013 var leitað eftir samstarfi við Landskerfi bókasafna um að gera upplýsingar um myndir á ljósmyndavefjum héraðsskjalasafnanna þriggja leitarbærar og aðgengilegar í gegnum vefinn leitir.is. Vel var tekið í beiðni safnanna og vorið

2014 þróaði Þekking vefþjónustu fyrir Fotoware í samvinnu við Landskerfi bóka-safna. Hún lítur að því að gera lýsigögn í Fotoware aðgengileg fyrir leitir.is. Tæknilega lausnin er því til en hún kallar á að viðbótin verði sett upp í Fotoware umhverfi hvers safns fyrir sig og að þar verði opnað fyrir ftp aðgang fyrir leitir.is. 1. september 2014 var sameiginlegur símafundur með fulltrúum Héraðsskjalasafns Austfirðinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Landskerfi bóka-safna og Þekkingar. Þar var ákveðið að setja verkefnið á dagskrá á fyrrihluta árs-ins 2015. Skjalasöfnin eru þessa dagana að senda upplýsingar um skráningarform safnanna til Landskerfis bókasafna og næstu skref verða að átta sig á kostnaði vegna vefþjónustunnar en vegna hennar þarf að gera ráðstafanir bæði á ljósmyndavefjum héraðsskjalasafnanna og á vefnum leitir.is.

## Framtíð verkefnisins - lok

Áætlað er að á skjalasöfnunum þremur séu um 445.000 ljósmyndir varðveittar, en þessum myndum fjölgar ár frá ári og hefur verkefnið orðið til þess að sífellt fleiri láta söfnunum í té myndefni. Ekki er ólíklegt að þessi safnauki nemi um 20.000 myndum á ári.

Allt frá byrjun hefur verið ljóst að ekki er hægt að skanna inn allar þessar myndir, enda er nauðsynlegt að yfirfara söfnin og vega og meta menningarsögulegt gildi ljós-myndanna í því samhengi. Söfnin stefna að því að þessu átaksverkefni ljúki árið 2015, þ.e. að í lok þess árs verði búið að skanna, skrá og ganga frá til varanlegrar varðveislu stærstum hluta þeirra ljósmynda sem eru í vörslu safnanna sem veruleg ástæða er talin til að varðveita til framtíðar. Þá verði stór hluti þessara mynda birtur á leitarbærum vefsíðum, annars vegum á ljósmyndavefjum safnanna þriggja og hins vegar í gegnum vefinn leitir.is. Þessi áætlun er að sjálfsögðu byggð á væntingum um að nauðsynlegt fjármagn fái fram til verkefnisins.

Óhætt að fullyrða að verkefnið hefur ýtt við fjölmörgum aðilum þegar kemur að skönnun, skráningu, aðgengi og miðlun á ljósmyndum en ekki síður afhendingu á einkaskjalasöfnum þar sem ljósmyndir eru hluti afhendingar. Þessi aukna vitund um sögulegt mikilvægi ljósmynda þýðir í raun að ruðningsáhrif verkefnisins verða líklega merkjanleg á næstu árum og vonandi áratugum.

Við munum einnig skoða þann möguleika að miðla þessum merku gögnum til enn stærri hóps með tengingju verði erlendar vefgáttir eins og europeana.eu. Það kallar á enn frekari samræmingu og stöðlun gagna en ávinningurinn væri vel þess virði.

## Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um ýmsa þætti þessa samstarfsverkefnis þriggja héraðsskjalasafna um skönnun, skráningu og birtingu á ljósmyndum. Ljósmyndaverkefnið hefur sannað gildi sitt á margvíslegan hátt og því er mikilvægt að því verði fram haldið og það leitt til lykta í samræmi við áætlanir. Verkefnið hefur leitt af sér mikla þekkingu sem forsvarsmenn þess hafa reynt að miðla til annara safna.



Young diverter at tank and Masten's II  
with the M. diverter 20, 1940s.

Fishing boats being hoisted in a local ship in the late  
1940's.



340 yrs Hafnarvæðing í höfninni 1939.  
Kona á Argandi. Guðrún og Guðrún.  
Þetta var þetta á milli í reglulegum ferja-  
göngum milli landa og höfnanna.

Overview of Stokkseyri Harbour around 1930.  
The ship still remains in docked the first  
passenger ship to regularly ferry people from  
the mainland to the Western Islands.



Uppdrög á alla í mar 1938.

Hoisting the catch in May 1938.



Byggja á Stokkseyri ári 1914.

Stokkseyri Harbour, 1914.



## Höfnin á Stokkseyri Stokkseyri harbour

Eitt af myndaskiltunum sem sett voru upp á Sumar á Selfossi 7. - 11. ágúst í miðbæjargarðinum, Sigtúngarðinum. Skiltin eru 150 x 180 sm.

Er æskilegt að áður en verkefninu lýkur verði unnin ítarleg skýrsla um baksvið þess, framkvæmd og árangur, ekki síst til að geta miðlað þeim upplýsingum til annarra, sem hyggja á sambærileg vinnu.

Mikilvægt að nýta þann mannauð, þekkingu og reynslu sem orðið hefur til í tengslum við ljósmyndaverkefnið. Verkefnið hefur vakið mikla athygli í samfélaginu og með opnun myndavefjanna hefur orðið vart við aukinn velvilja fólks sem er reiðubúið að leggja sitt af mörkum svo skráning mynda séu sem best og nákvæmust. Söfnin munu um ókomin ár halda áfram að njóta velvilja þeirra sem hafa afhent gamlar sem nýjar myndir til varðveislu, og aukin kynning á myndavefjum safnanna verður vonandi til þess að yngri kynslóðir verði meðvitaðri um gildi þess að varðveita söguleg gögn. Ljósmyndasöfnin og miðlun þeirra munu nýtast til fróðleiks og rannsókna á mannlífi og menningu landsins.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga þakka þann fjárhagslega stuðning sem verkefnið hefur fengið á undanförunum árum. Án stuðning ríkisins og sveitarfélaga hefði verkefnið augljóslega ekki verið framkvæmanlegt. Þá er ástæða til að þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt lið við að bera kennsl á myndefni og hafa stutt verkefnið með ráðum og dád.

Jón Nikodemusson  
við jarðbor sinn  
á Sauðárkróki.  
Ljósmyndari Kristján  
C. Magnússon.  
KCM 42.



Fjölmenni á fram-  
boðsfundi Kristjáns  
Eldjárns vegna  
forsetakosninganna  
1968. Auk bílanna  
má sjá Addabúð til  
vinstri, geymslu-  
bragga, húsið Ingólfr  
og Selfossbíó.  
Ljósmyndari Tómas  
Jónsson, 2010/45  
TJ\_01712.

